

Verð til bænda fyrir dilkakjöt liggur fyrir

Norðlenska hefur birt verðskrá fyrirtækisins fyrir dilkakjöt í komandi haustslátrun. Helstu breytingar frá verðskrá haustsins 2012 eru þær að meðalverð fyrir lambakjöt hækkar um 10% og verðskrá fyrir fullorðið fé lækkar um 30%. Álagsgreiðslur eftir tímabilum eru óbreyttar milli ára.

Verðskrána má sjá á heimasíðu félagsins, www.nordlenska.is.

Sláturfjárloford og forslátrun

Við leggjum mikla áherslu á að bændur skili sláturfjárlofordum sem fyrst svo skipulag slátrunar verði sem best.

Markaðsmál

Sala allra kjötttegunda dróst verulega saman í júnímánuði en kjötsala framan af ári var viðunandi. Áberandi var samdráttur í sölu dilkakjöts í júnímánuði og má þar e.t.v. kenna um slæmri veðráttu á suðvesturhorninu sem hafði áhrif á markað fyrir grillvörur þar sem lambakjöt er sterkt. Sala á dilkakjöti hefur staðið í stað á innanlandsmarkaði horft til 12 mánaða tímabils, og eru birgðir nokkru meiri en síðastliðin ár.

Norðlenska hefur sett á markað nokkuð af nýjum vörum síðastliðna mánuði, þar má nefna silkiskorið kjötálegg, lambaofnsteikur og nautafille grillmarinerað. Viðtökur neytenda við þessum vörum hafa verið góðar og er frekari nýjunga að vænta frá fyrirtækinu.

Sala Norðlenska á erlenda markaði hefur verið svipuð og undanfarin ár. Engu að síður er offramboð á dilkakjöti á erlendum mörkuðum, auk þess sem erfitt efnahagsástand hefur haft áhrif á sölumöguleika.

Verð fyrir garnir og helstu aukaafurðir er svipað og í fyrra, en verð á gærum hefur heldur lækkað.

Flutningur á sláturfé

Norðlenska sér um flutning sláturfjár í sláturhús, nema um annað sé samið. Reynir B. Ingvason sér um flutninga sláturfjár til Húsavíkur úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Sigurður Jónsson flytur sláturfé af Austurlandi til Húsavíkur og Flytjandi annast flutninga sláturfjár á starfssvæði Norðlenska á Höfn. Óski bændur eftir að flytja sjálfir fé sitt í sláturhús er Norðlenska reiðubúið til samninga þar um. Þeir sem óska eftir að flytja sjálfir skulu hafa samband við Reyni B. Eiríksson framleiðslustjóra og ganga frá samkomulagi um það.

Sími Reynis er 840-8848.

Mjög mikilvægt er að bændur skili útfylltu eyðublaði um afhendingu sauðfjár á fjárbíla um leið og féð er sótt til þeirra. Sjá meðfylgjandi eyðublöð. Einnig má sækja þessi eyðublöð á vef Norðlenska.

Sauðfjársjúkdómar og smitvarnir

Í sláturtíð eru heimsóknir bænda sem fylgja fé sínu til slátrunar í sláturhúsréttina nokkuð tíðar. Fé frá mörgun svæðum með ólíka sjúkdómastöðu safnast saman.

Það er bændum afar mikilvægt að halda í góða sjúkdómastöðu og hindra að varhugaverð smitefni berist á milli bæja.

Með samstilltu átaki bænda og okkar viljum við koma á verklagi sem tryggir góðar smitvarnir.

Í haust verðum við með ákveðið verklag varðandi þrif á skóbúnaði gesta. En þá er f.f. verið að hugsa um að menn komist hjá að bera óhreinindi úr réttinni heim í fjárhús. Óskum við eftir að allir gestir sem koma í réttina fylgi því verklagi. Einnig má alltaf nálgast skóbúnað og utanyfirgalla sláturhússins (á kaffistofu) ef menn óska eftir.

Stadfesting á heilbrigði dýra og útskolunartíma lyfja

Hluti af því eftirliti sem Norðlenska er skylt að fylgja er gott móttökueftirlit dýra. Einn liður í því er að innleggjendur skrifi undir yfirlýsingu sem fylgir fénu inn til slátrunar.

Innleggjandi staðfestir

Að dýrin hafi ekki fengið dýralyf þar sem útskolunartími er ekki liðinn

Að dýrin séu heilbrigð og ekki haldin sjúkdómum sem geta haft áhrif á öryggi afurða

Að búið sé ekki háð opinberum flutningstakmörkunum.

Við viljum ítreka mikilvægi þess að þetta komist rétt til skila undirskrifað af bónda.

Sjá meðfylgjandi eyðublöð, einnig má sækja þessi eyðublöð á vef Norðlenska.

NORÐLENSKA

Fréttabréf ágúst 2013

Niðurröðun sláturfjár

Niðurröðun sláturfjár verður í höndum sömu manna og undanfarin ár. Um niðurröðun sláturfjár úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sjá Halldór Sigurðsson á Sandhólum, réttarstjóri Norðlenska á Húsavík sími 840-8895, og Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík. Sími hans er 840-8888.

Niðurröðun sláturfjár af Austurlandi annast Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli. Símar hjá honum eru 471-1694, 471-1085 og 895-1085. Á starfssvæði Norðlenska á Höfn sér Einar Karlsson, sláturhússtjóri, um niðurröðun í síma síma 840-8870.

Mikilvægt er að bændur gefi upp fjártölu og hvenær þeir vilja láta lóga.

Heimtökukjöt

Í haustsláturtíðinni verður heimtaka kjöts með svipuðum hætti og undanfarin ár. Bændur skulu taka allt ferskt heimtökukjöt innan tveggja daga frá slátrun á Húsavík og Höfn. Á Akureyri og Egilsstöðum er ferskt kjöt afhent þremur dögum eftir slátrun og frosið kjöt fjórum dögum eftir slátrun. Frosið kjöt á Húsavík er afhent þremur dögum eftir slátrun. Bændur geta fengið heimtökukjöt annað hvort ferskt eða frosið í heilum skrokkum eða frosið sjöpartasagað eða fínsagað. Á Húsavík er kjötið afhent ferskt í sláturhúsi en frosið (sagað og ósagað) í húsnæði Norðlenska við Suðurgarð, á hafnarsvæði. Síminn þar er 840-8882.

Á Höfn er kjötið afhent í sláturhúsinu. **Breyttur afhendingarstaður verður á Akureyri og Egilsstöðum. Á Akureyri gefst bændum kostur á að ná í heimtökukjöt í afgreiðslu Flytjanda við Oddeyrarskála virka daga kl. 10-16. Hafið samband við Jóhannes í síma 842-7834. Á Egilsstöðum er kjötið afhent í afgreiðslu Flytjanda að Lyngási 10 virka daga kl. 10-16. Hafið samband við Hjört í síma 825-7068.** Þess er óskað að bændur nálgist heimtökukjöt sitt í afgreiðslur Flytjanda á Akureyri og Egilsstöðum eins fljótt og mögulegt er.

Teknar verða kr. 2.750 + vsk. fyrir slátrun pr. dilk og kr 3.025 + vsk. fyrir slátrun á fullorðnu. Ekki er greitt fyrir sjöpartasögun, en kr. 490 pr. dilk + vsk. fyrir fínsögun. Þeir bændur sem eru með viðskiptasamninga við Norðlenska frá 20% afslátt á heimtöku og fínsögun. Þar sem útflutningsskylda hefur verið felld niður er ekki lengur til s.k. heimtökuréttur. En Norðlenska hefur ákveðið að ofangreint gildi fyrir kjöt innan heimtökuréttar eins og hann var, eða 240 kg pr. lögbýli. Þeir sem taka meira heim en sem nemur heimtökurétti hafi samband við framleiðslustjóra, Reyni Eiríksson, í síma 840-8848.

Ástæða er til að undirstrika að óskir um heimtöku berist sláturhúsi á sérstöku eyðublaði eigi síðar en við komu fjárens í réttina. Þar skal tilgreina hvernig kjötið skal afhent, ferskt eða frosið, og þá hvernig sagað. Hafi eyðublaðið af einhverjum ástæðum glatast skal bent á að unnt er að nálgast það á heimasíðu Norðlenska.

Slátursala

Slátursala verður á svipuðum nótum og undanfarin ár í sláturhúsum Norðlenska á Húsavík og Höfn. Slátursala hefst á Húsavík fimmtudaginn 26. september og henni lýkur föstudaginn 11. október. Á Höfn hefst slátursala 23. september og lýkur 18. október. Innleggjendur fá slátur með 50% afslætti.

Símaskrá Nordlenska

HÚSAVÍK

Sauðfjárrétt	460 - 8895
Réttarstjóri	840 - 8895
Stöðvarstjóri	460 - 8888
Heimtökusögun	840 - 8882
Slátursala	460 - 8897

AKUREYRI

Skrifstofa	460 - 8850
------------	------------

HÖFN

Skrifstofa	460 - 8870
Slátursala	840 - 8877
Heimtata	868 - 7624

BÍLSTJÓRAR

Eyjafjörður – Þingeyjarsýslur

Reynir B. Ingvason	893 - 1018
Jónas Jónasson	862 - 3211
Benedikt Arnbjörnsson	862 - 7703
Árni Þorbergsson	893 - 9596

Austurland

Sigurður Jónsson	893 - 4480
Hilmar	899 - 4367
Björn	848 - 5141

Höfn (Einar Karlsson veitir uppl. um símanúmer)